Aherslan var á þessari atriði: Eftirlit Alþingis með stjórnslu- unni - er ástæða til að mæla (frekar) fyrir um hlutverk stofnana eins og umboðsmanns Alþingis og ríkisenndurskoðunar? Er þörf á að endurskoða ákvæði um rannsóknarnefndir á vegum Alþingis? Er ástæða til að hnykkja á þingræðisreglunni og útfæra

hana nánar? Á að breyta embætti forseta Íslands, t.d. með því að auka völd hans eða draga úr þeim? Átti að kveða í stjórnarskránni á um vald dómstóla til að skera úr um stjórnkipulegt gildi laga? Á að styðja stjórnarskrár- eftirlitið með einhverjum hætti? Er ástæða til að viðhalda heimild til útgáfu bráðabirtuálaganna?

Ísland í alþjóðlegu umhverfi

Í þriðju málstofunni var rætt um það hvaða breytinga sé þörf á stjórnarskránni vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á alþjóðstefnum Íslands frá því lýðveldisstjórnarskránni tók gildi. Ísland tekur sívaxandi þátt í alþjóðlegu samstarfi. Hefur í því sambandi reynt allnokkuð á þan-þol gildandi ákvæða um fullveldi þjóðarinnar og að meðferð ríkisvalds sé alfarið í höndum inn-viðasta stjórnvalda.


Spurt var hvort ástæða væri til að setja í stjórnarskrá ákvæði um þátttöku í alþjóðlegu sam- starfi og hvort taka bæri upp annars konar ákvæði um grund-vallargildi íslensku þjóðarinnar á 21. ári.

Meðal sértrauka spurninga sem veit var upp í þessu sam-hengi voru: Á að taka upp í stjórnskránnu heimild til framsals á einstökum þáttum ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana og uppyllt- um tilteknum skilyrðum? Á að mæla fyrir um aukna þátttöku Alþingis í mikilvægum ákvörðunum á sviði utanríkis mála? Er ástæða til að taka upp í stjórnarskrá ákvæði um þjóðarregn á náttúru- auðindum, um umhverfisvernd, vernd íslenskrar tungu og menningarfarsis? Í því sambandi má hugleika hvort rétt sé að vísa sér-taklega til alþjóðlegrar samvinnu um mannréttindi og fjalla um skyldu ríkisins til að framfylgja ákvæðum alþjóðlegra mannrétt-indasamninga.

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskránsöu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER: stjornarskra@frettabladid.is

Danskur nítjándu aldar uppruni stjórnarskrárinnar



STJÓRNASKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

V. HLUTI

Lýðræði og þingræði

Íslenska stjórnarskráin er skilgetið afkvæmi dönsku stjórnarskrárinnar frá miðri nítjándu öld. Mörg ákvæði hinnar núgildandi stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands eiga rætur sínar að rekja til ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar frá því fyrir þann tíma er lýðræði og þingræði höfðu rutt sér til rúms. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem á sæti í sérfræðinganefndinni sem er stjórnarskrárefnd til ráðgjafar við endurskoðun stjórnarskrárinnar, bendir á þann vanda sem þetta veldur íslenska lýðveldinu á 21. öld.

Í niðurstöðu erindis sem Gunnar Helgi flutti á ráðstefnu sem stjórnarskrárefnd stöð fyrir í liðnum mánuði (og betur er rakið hér að neðan) segir hann:

„Hugmyndalegur grundvöllur íslensku stjórnarskrárinnar er frá þeim tíma þegar


hvorki lýðræði né þingræði höfðu almennit rutt sér til rúms í Evrópu. Þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar á bæði samfélagi og ríkisvaldi eru ýmis ákvæði hennar að verulegu leyti mótuð af þessum uppruna. Þórf er á að skýra ákvæði stjórnarskrárinnar og breyta eftir því sem samstaða næst um. Ef þau svið sem á að endurskoða eru hins vegar ekki afmörkuð sæmlega skýrt í upphafi er hins vegar hætt við að tilrauna til endurskoðunar ná fari samu leið og fyrri tilraunir til heildarendurskoðunar sem mistókust allar.“

Samstaða um breytingar lykilatriði
Hin stjórnskipaða stjórnarskrárefnd, sem í eiga sæti fulltrúar stjórnmalaflokkanna, hefur þó hlutverk að leggja fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni fyrir árslok 2006. Það gefur auga leið að forsenda fyrir því að til-

lögur að breytingum á stjórnarskránni ná fram að ganga er að um þær takist breið pólitísk samstaða. Ekki bara samstaða milli stjórnmálamanna sem nú sitja á Alþingi, heldur þarf sú samstaða að ná út fyrir þeirra raðir. Trygga þarf eftir fönögum að meirihluti íslenskra borgara sé breytingunum samþykkr.

Vinnulag stjórnarskrárefndar – sem byggir að miklu leyti á því að leita samráðs við almenna borgara og félagsamtök í landinu – vekur vonir um að í þetta sinn takist einmitt að ná slíkrri samstöðu.

Audunn Arnórsson



Stjórnarskráin endurspeglir stjórnskipunina

Gunnar Helgi Kristinsson segir mikilvægt að stjórnarskráin endurspeglir stjórnskipun sem Íslendingar búi við og vilji hafa. Svo sé ekki að óbreyttu.

„Ef við erum á annað bord með skrifáða stjórnarskrá er mikilvægt að hún sé sæmlega skýr og endurspeglir þá stjórnskipun sem við viljum hafa.“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem á sæti í sérfræðinganefnd þeirri sem er stjórnarskrárefnd til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hann telur að efast megi um að íslenska stjórnarskráin – og þá sérstaklega annar, þriðji og fimmti kafli hennar – sé í fullnægjandi samræmi við þá stjórnskipun sem Íslendingar telji sig búa við.

Gunnar Helgi segir það vera ríkjandi viðhorf í flestum ríkjum að gagnlegt sé að hafa stjórnarskrá. Það sé að visu ekki í algæg öllum ríkjum. Bretar hafi til dæmis haldið sig við það að hafa enga ritáða stjórnarskrá. Þar sé ekki þessi greinarmunur sem við gerum á stjórnskipun annars vegar og stjórnarskrá hins vegar. Þeir nota orðið „constitution“ yfir hvort tveggja. Bretar hafi sem sagt stjórnskipun, en ekki stjórnarskrá.

og Montesquieu og höfunda bandarísku stjórnarskrárinnar – um að það þurfi í raun að skipta völdinu. Stjórnarskrárhugmynd er angí af þeirri hugmyndafræði,“ segir hann.

Aðhyllist menn þessa hugmynd, að það skipti máli að hafa skrifáða stjórnarskrá, skiptir að sögn Gunnars líka miklu máli að sú stjórnarskrá endurspeglir nokkuð vel hvernig við viljum hafa stjórnskipunina. „Ef menn eru á annað bord með skrifáða stjórnarskrá er mikilvægt að hún sé sæmlega skýr og endurspeglir þá stjórnskipun sem við viljum hafa. Og ég tel sem sagt að það megi efast um að íslenska stjórnarskráin – og þá sérstaklega vissir hlutar hennar – sé í fullnægjandi samræmi við þá stjórnskipun sem við teljum okkur búa við,“ segir hann.

Deilurnar sem upphófust um 26. grein stjórnarskrárinnar í fyrria, er forsetinn synjaði fjölmíðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar staðfestingar, leiddu að sögn Gunnars Helga í ljós að stjórnarskráin sé óljós. „Þar skortir á að nógu skýrt sé kveðið á um ýmsa þá hluti sem við viljum auðvitað hafa á breinu. Þegar upp koma mikilvæg deilumál í samfélaginu er það algert grundvallaratriði að þessir hlutir séu sæmlega skýrt,“ segir hann.

Að hans áliti kallar reyndar margt fleira á að sérstaklega verði hugað að því að uppfæra ákvæði annars, þriðja og fimmta kafila stjórnarskrárinnar, það er þeirra þátta hennar sem fjalla um stjórnskipunina almennit, um framkvæmdavaldið og dómsvaldið. Gera beri þá „ljósari og skýrari, draga fram grundvallaratriði stjórnskipunarinnar og eyða óvissu.“

Stjórnarskráin í sögulegu ljósi

Útdráttur úr erindi Gunnars Helga Kristinssonar á ráðstefnunni „Stjórnarskrá til framtíðar“.

„Hver er kenning íslensku stjórnarskrárinnar um lýðræði?“ spurði Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmalafrófessorur við upphaf erindis síns á ráðstefnunni „Stjórnarskrá til framtíðar“ sem stjórnarskrárefnd hélt á Hótel Loftleidum hinn 11. júní síðastliðinn. Hér á eftir fara valdir kaflar úr erindi Gunnars. Millifyrirsagnir eru biðsins.

„Íslenska stjórnarskráin er grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og það er þess vegna eðlilegt að gera til hennar þá kröfu að hún setji fram þá meginhugsun sem íslenska lýðræðiskerfið byggir á og lýsingu á meginstofnum þess. Sá sem opnar stjórnarskrána til að finna útlistun á lýðræði að hlatti íslendinga verður hins vegar fljótt fyrir vonbrigðum. Orðið lýðræði kemur þar hvernig fyrir. Heldur ekki þingræði. Ekki er þar þrjúskipting ríkisvaldsins nefnd berum orðum og grundvallarstofnanir íslenska lýðræðiskerfisins, eins og ríkisstjórn og hæstiréttur eru þar hvergi nefndar á nafn – þótt tilvist þeirra megi að visu ráða af samhenginu. Stjórnmalaflokkar, fjölmíðlar og hagsmanusamtök koma ekki fyrir í stjórnarskránni (...). Stafrýndin er sú að lýsing stjórnarskrárinnar á íslenska lýðræðiskerfinu er afar fátækleg og erlendur fradómenn hafa jafnvel lesið stjórnarskrána í heild þannig að á Íslandi ríki forsetaræði líkt og í Bandaríkjunum Norður-Ameríka en ekki þingræði eins og hér ríkir í raun og veru.“

Hvaða hugmyndaheimur er það þá sem þessi grundvallarlög íslenska ríkisins endurspeglar? Til að svara þeirri spurningu er nauðsynlegt að leggja til og forlittlar rannsóknir á ættfræði stjórnarskrárinnar.

Íslensku þegar lýðveldi var stofnað árið 1944 og konungssambandinu við Danmörku slitið. Ýmsar breytingar voru í millitíðinni gerðar á stjórnarskránni með stjórnskipunarlögum og í raun má segja að stjórnskipuleg þróun Íslands einkennist fyrst og fremst af mikilli samfelli því stjórnarskrárnar þrjár eru um margt líkar og meginefnið stjórnarskráranna 1920 og 1944 var þær stjórnarskrár og stjórnskipunarlög sem fyrir voru.

Í rannsókn sem gerð var á stjórnarskránni árið 1994 kom í ljós að teji meitti meira en helming greina stjórnarskrárinnar þýddar eða staðfarðar úr dönsku stjórnarskránni og rasklega þrjúung að auki merkanlega skyldan greinum þeirrar dönsku þannig að einungis 10 af 79 greinum stjórnarskrárinnar voru ólíkar eða óskyldar með öllu dönsku stjórnarskránni.

Þegar ljóst var að Íslendingar myndu slíta sambandinu við Dani á árum síðari heimastyrjaldarinnar var jafnframt ljóst að endurskoða þyrfti stjórnarskrána (...). Stjórnarskrárefndir störfuðu (...) fram á miðjan títunda áratuginn en náðu aldrei að skila þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem að var stefnt við lýðveldisstofnum (...). Eftir að ekki náðist samstaða um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og hún birtist í frumvarpi Gunnars Thoróðssens 1983, var furin sú leið að endurskoða í staðinn einstaka kafla hennar. Þannig var kafliinn um kosningakerfið endurskoðaður 1984 og 1999, kafliinn um þingdó 1991 og mannréttindakafliinn 1995.

Eftir standa þá þrjú kaflar stjórnarskrárinnar sem ekki hafa verið teknir til almennrar endurskoðunar. Það er fyrsti kafliinn, sem er almenn lýsing stjórnskipunarinnar, annar kafliinn, sem fjallar um framkvæmdavaldið og fimmti kafliinn sem fjallar um dómsvaldið.

Lýsing þessara kafla stjórnarskrárinnar á íslensku stjórnskipun á stærkar rætur í eldri útgáfum stjórnarskrárinnar og dönsku stjórnarskránni frá nítjándu öld. (...) Þegar íslenska stjórnarskráin er lesin þarf að hafa í huga að lýsing

hennar á stjórnskipun og framkvæmdarvaldinu er í raun settuð frá Montesquieu og kenningum um þingbundna konungsstjórn, fyrir daga þingræðis og pólitískrar ábyrgðar fönherra (...).

Þingræði og þjóðkjörinn forseti
Ætíun höfunda stjórnarskrárinnar 1944 var óvirkni sú að hér skyldi ríkja þingræði. Þeir virðast raunar hafa talið að orðalagjö „þingbundin stjórn“ í fyrsta grein hennar tryggði að svo væri því í greinargerð með stjórnskipunarfurvarpinu segir að þetta ákvæði sé „nauðsynlegt m.a. til þess, að þingdó haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausa ráðherra.“ Ólafur Jóhannesson og fleiri lögspekingar hafa hins vegar réttlæga bent á að þetta orðalag tryggji í reynd ekki þingræði og þingræðið byggi á venju og rötgrönun réttarhugmyndum hér á landi frekar en á þessu ákvæði einu sér. Enginn vafi leikur þrátt fyrir þetta á að þingræði ríkir hér á landi og stjórnskipun sé sem höfundar stjórnarskrárinnar 1944 sáu fyrir sér tvinnaði þannig samman þjóðkjörinn forseta og þingræði (...).

Ekki líggur fyrir hvort erlendir fyrirmyndir hafi verið notaðar þegar ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um forseta voru samn. En mörg ákvæðin um forseta eiga skýra hlöðstöðu í eldri ákvæðum um konung (...).

Hinn tvöföldi uppruni íslensku stjórnarskrárinnar – rætur hennar í þingbundinni konungsstjórn en samt með þjóðkjörinn forseta – skapar ákveðinn vanda við túlkun hennar: vanda sem kom berlega í ljós í deilium sumarið 2004 um rétt forseta til að synja löggjöf staðfestingar. Þar tókust á þeir sem túlkðu stjórnarskrána í anda þingbundinnar konungsstjórnar – þar sem líta meytti svo á að synjunarvaldið væri með öllu fallið niður – og hinir sem túlkðu stjórnarskrána í anda forsetaþingræðis, þjóðaratkvæðagreiðslur og dómsvaldið – svo nokkur dæmi séu tekin – eru að ýmsu leyti ófullkomin og ekki í takt við tíman. Þetta er það lágmarksverkefni sem endurskoðun stjórnarskrárinnar fæst við.“

Þeir kaflar stjórnarskrárinnar sem lengst hafa beðið endurskoðunar eru fyrsti, annar og fimmti kafli hennar. Ákvæði þeirra um stjórnskipunina almennit, forseta, þingræði, ríkisstjórn, ráðherraþingræði, þjóðaratkvæðagreiðslur og dómsvaldið – svo nokkur dæmi séu tekin – eru að ýmsu leyti ófullkomin og ekki í takt við tíman. Þetta er það lágmarksverkefni sem endurskoðun stjórnarskrárinnar fæst við.“

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrárisðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER: stjornarskra@frettabladid.is

Þrjár stjórnarskrár


Íslendingum hefur þrisvar verið sett stjórnarskrár. Fyrst Stjórnarskrá um hin sérstaklega málefni Íslands, sem Danakonungur gaf landsmönnum árið 1874. Næst Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, árið 1920 í kjölfar þess að Ísland var fullvalda ríki árið 1918. Og loks Stjórnarskrá lýðveldisins

DÖNSK-ÍSLENSK STJÓRNASKRÁ

Anders Fogh Rasmussen og Davíð Oddsson skoða frumtekna listu íslensku stjórnarskrárinnar frá árinu 1874.



„Ef við erum á annað bord með skrifáða stjórnarskrá er mikilvægt að hún sé sæmlega skýr og endurspeglir þá stjórnskipun sem við viljum hafa.“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem á sæti í sérfræðinganefnd þeirri sem er stjórnarskrárefnd til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hann telur að efast megi um að íslenska stjórnarskráin – og þá sérstaklega annar, þriðji og fimmti kafli hennar – sé í fullnægjandi samræmi við þá stjórnskipun sem Íslendingar telji sig búa við.



STJÓRNASKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

VI. HLUTI

Stjórnarskráin, Ísland og umheimurinn

Fátt að finna um alþjóðatengsl

Samkvæmt 21. grein stjórnarskrárinnar, sem hefur staðið efnislega óbreytt frá því að Ísland varð fyrst fullvalda ríki fyrir hálfum nýunda áratug, gerir þjóðhöfingi landsins samninga við önnur ríki, en þó þarf samþykki Alþingis til ef slíkar samningar fela í sér afsal eða kvæði á landi eða landhelgi eða horfa til breytinga á stjórnarhögum. Fleirta er ekki að finna í stjórnarskránni um Ísland og umheiminn. Enda er skýjanlegt að þegar verið var að setja Konungsríkinn Íslandi grundvallarreglur stjórnskipunar sinnar – í heimi framhaldi af heimsstyrjöldinni fyrri – skyldi ekki vera talin þörf á að víkja að alþjóðatengslum landsins með ítrektri hætti en þetta. Er þjóðhöfinginn þreyttist úr konungi í þjóðkjörinn forseta samkvæmt lýðveldisstjórnarskránni árið 1944 varð engin önnur breyting á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar. En á þeim sex áratugum sem síðan eru liónir hefur margt breytt.

Áhrifin mikil

Eins og Björg Thorarensen lagaþrúfingur benti á í erindi sem hún flutti á ráðstefnunni „Stjórnarskrá til framtíðar“ fyrir í sumar, snerta alþjóðatengsl lýðveldisins víðara svið íslenskrar stjórnskipunar en álykta mætti af 21. grein stjórnarskrárinnar. Áhrif alþjóðasamvinnu á lög og réttarfræðingum eru orðin gríðarlega mikil hér á landi, ekki síst fyrir tilstöðu aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu. En auk Evrópusamvinnunnar hefur til dæmis aðild Íslands að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum lagt kvæði á handfaða íslensks ríkisvalds og nafna íslensks borgurum og lögabólum rétt sem þeir hafa getað sótt til stofnana utan Íslands, svo sem Mannréttindadómstóls Evrópu. Af þessu tilefni lagði Björg í ráð-

stefnuerindi sínu til að spurt yrði: „Er fullveldið sem gerði Íslandinum kleift að verða virkur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu að fara halloka?“

Önnur spurning er hvort sú merking fullveldis hagtaksins, sem fram kemur í þessari retórisku spurningu Bjargar, sé úrelt. Krefjast þreyttir tímar svaxandi milliríkjasamvinnu breyttis skilnings á fullveldinu?

Í stjórnarskránni er ekki gert ráð fyrir því að heimilt sé að framselja neit af íslensku ríkisvaldi til erlendra eða alþjóðlegra stofnana. Slíkt heimildirákvæði er nú að finna í stjórnarskrám alra hinna Norðurlandanna, og reyndar flestra ríkja Evrópu.

Þetta atriði er dæmi um það sem blasir við að athugað verði hvort skuli breyta, nú þegar stjórnarskráin er til endurskoðunar.



Fullveldi ríkja

Hugtak um fullveldi ríkja hefur tekið nokkrum breytingum með auknum alþjóðasamningum. Á einfaldastan hátt má segja að ríki sé fullvalda, hafi það full yfirráð yfir eigin málum, það er að segja að innlend stjórnvaldi hafi æðsta löggjafar, framkvæmdar og dómsvald. Það hefur einkarétt á beltingu valds innan landmæra ríkisins, lagasetningu og efniriti með framkvæmd laga. Ríkið Nýyr því ekki erlendu valdi, hvort sem valdbotid kemur frá erlendum ríkjum eða stofnunum.

Með alþjóðasamningum samþykkja ríki að skerða ákvörðunarétt sinn, í vissum málum, í skiptum fyrir hagsmunum sem metnir eru meiri en rétturinn til að ríkið geti sjálf tekið allar ákvörðunir, án tillits til óska annarra fullvalda ríkja. Slíkir samningar geta bæði verið gerðir við eitt eða fleiri önnur ríki, eða að mörgu ríki geri samning undir nafni alþjóðlegra stofnana sem þau eru aðili að.

Þrátt fyrir að ríki hafi gert slíka samninga, sem skerða ákvörðunarétt ríkja, er um það deilt hvort þeir skerði fullveldi ríkja. Þeir sem telja að fullveldi sé skert, bera því við að hluti fullveldisins hafi verið framselt með alþjóðasamningum þar sem ríkið hafi ekki lengur full yfirráð yfir eigin málum. Aðrir telja að fullveldi sé óskert, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um full yfirráð yfir eigin málum. Það eru fullvalda ríki sem ákveða að taka þátt í alþjóðasamningum, ákvörðunum sem hægt er að taka til baka. Það er því að fúsum og frjálsum vilja sem ríki samþykkja að hafa sínum málum í samræmi við þá samninga sem fulltrúar ríkisins hafa gert. Slíkt í sjálfu sér þarf ekki að skerða fullveldi, nema samningarnir krefjist þess að ríkisvaldið þurfi í veigamiklum málum að snúast gegn hagsmunum eigin ríkis.

> Fullveldi í stjórnarskrá

• Hvergi kemur beint fram í stjórnarskránni að Ísland sé fullvalda ríki.

• Hins vegar segir í 1. grein að „Ísland er lýveldi með þingbundinni stjórn“.

• Í 2. grein segir „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldi“. Forseti og önnur stjórnvaldið samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

• Ein grein fjallar um samninga við önnur ríki, en það er 21. grein. Þar segir „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki, þó getur hann engin slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fölgjöld afsal eða kvæði á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til“.

Breytt alþjóðatengsl kalla á breytta stjórnarskrá

Miklar breytingar hafa orðið á alþjóðaumhverfinu á lýðveldistímanum. Að mati Bjargar Thorarensen lagaþrúfingur eru áhrif þessa mikil á íslenskt samfélag og þau kalla á að stjórnarskráin endurspegli þau.

Á þeim sex áratugum sem liónir eru frá lokum síðari heimsstyrjaldar og samþykktu lýðveldisstjórnarskrárinnar árið 1944 hafa orðið miklar breytingar á hinu alþjóðlega samstarfsumhverfi Íslands. Þau fáeinu ákvæði stjórnarskrárinnar sem snerta alþjóðatengsl íslensks ríkisins hafa staðið óbreytt allan lýðveldistímann. Þetta veldur því að meðal þess sem helst er til skoðunar að breyta í stjórnarskránni eru ákvæðin sem að þessu lúta.

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, á sæti í sérfræðinganefnd þeirri sem er stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hún segir alþjóðlega samvinnu hafa þeim áhrif á líf og umhverfi borgaranna, sem endurspeglast ekki nema að mjög litlu leyti í stjórnarskránni að óbreyttu.

„Það eru nokkur atriði sem er vert að hafa í huga þegar maður skoðar þessi auknu alþjóðlega áhrif á íslenskt samfélag,“ segir Björg í samtali við Frettlablaðið.

Hún bendir á að það er bara eitt ákvæði í stjórnarskránni þar sem segir að forsetinn geri samninga við önnur ríki og eins og endraner er það ráðgjafi sem framkvæmdir það vald hans. Forseti, sem aðeisi embættismaður ríkisins, undirnar alla þjóðréttarsamninga sem Ísland verður aðili að og aðeins í ákvæðnum tilvikum þarf að bera slíka samninga undir þingid. Eða eins og segir í 21. grein stjórnarskrárinnar, ef verið er að afsala landi eða setja kvæði á land eða landhelgi eða er horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, þá þarf að bera þessa samninga undir Alþingi.

„Í reynd hafa milliríkjasamningar verið bornir undir þingid í miklum mæli enda er ákvæðið tilkald svo að allir þjóðréttarsamningar sem kalla á lagabreytingar þurfi samþykki Alþingis,“ segir Björg. „En það sem er áberandi í þróun síðustu áratuga á þessu sviði er að sumir þjóðréttarsamningar leggja viðtakar skyldur á íslenska ríkið til framtíðar til að koma í framkvæmd ákvörðunum alþjóðastofnana á tilteknum sviðum í löggjöf eða með öðrum hátti. Þetta er einkennandi fyrir Evrópusamvinnuna og það skipulag sem EES-samningurinn byggir á,“ segir hún.

Heimild til fransals ríkisvalds

Stjórnarskráin byggir á því að þrið séu æðsta handhafar ríkisvaldsins, löggjafar, framkvæmda- og dómsvaldið. Og af annarri grein stjórnarskrárinnar hefur verið talið að það sé ekki hægt að fela einhverri erlendri stofnun að taka ákvörðun sem er bindandi fyrir þessa handhafar ríkisvaldsins, því þeir eru samkvæmt stjórnarskránni æðstir, hver á sínu sviði.

En Björg segir þróunina vera þá, að í svaxandi alþjóðlegri samvinnu, sérstaklega í Evrópusamvinnunni,



BJÖRG THORARENSEN Prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og á sæti í sérfræðinganefnd til ráðgjafar stjórnarskrárnefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hún segir alþjóðlega samvinnu hafa þeim áhrif á líf Íslendinga, sem endurspeglast ekki í íslensku stjórnarskránni.

séu alþjóðastofnanir að taka ákvörðunir sem hafa mikil áhrif hér á landi, sem íslenska ríkið hefur tilföleuga líta möguleika á að hafa áhrif á en er skyldugt að innleidda. „Því má velja því fyrir sér hvort verið sé að framselja ríkisvald, sem stjórnarskráin eins og hún er í dag heimilur ekki,“ segir Björg.

Samkvæmt orðanna hljóðan er fransals ríkisvalds til erlendra alþjóðastofnana ekki mögulegt samkvæmt stjórnarskrá. En að sögn

„Það sem er áberandi í þróun síðustu áratuga á þessu sviði er að sumir þjóðréttarsamningar leggja viðtakar skyldur á íslenska ríkið til framtíðar“

Bjargar er alþjóðasamvinnu engin síður farn að binda handhafar ríkisvaldsins í talssvert miklum mæli.

Það er spurning hvort Ísland þurfi ekki að taka af skarið um að alþjóðlegum stofnunum sé veitt heimild til að taka slíkar ákvörðunar,“ segir hún. Það þurfi ekki að vera af hinu slæma, enda um að ræða samvinnu sem yfirleitt sé til gagns-bóta fyrir samfélagið. Allar þinar Norðurlandþjóðirnar – og reyndar flest Evrópuríki – eru að sögn Bjargar búnar að setja ákvæði um heimild til að framselja ríkisvald á afmörkuðum sviðum til alþjóðlegra stofnana, í sínar stjórnarskrár.

Þetta sé þó vandmeðferð. Viss hætta sé á að lýðveldislegt lögmæti ákvörðana verði minna ef þær eru

teknar af einhverjum öðrum en kjörnum fulltrúum þeirra sem síðan eiga að fara eftir þeim ákvörðunum. En til þess að tryggja að það sé raunverulega vilji þjóðarinnar að fela mönnum að framselja ríkisvald þá er gerð krafa um það til dæmis í stjórnarskrá Danmerkur, en einnig Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, að aukinn meirihluta þurfi á þingi af framselja á ríkisvaldi til alþjóðlegra stofnana.

Björg segir að á Íslandi hafi verið talið að til dæmis aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hafi ekki falið í sér fransals sem þrjúti gegn stjórnarskránni. Það mat hafi verið umdeilt á sínum tíma. „Sumir hafa talað um að það hafi skapat stjórnskipunarvenja fyrir því að framselja megi ríkisvald til alþjóðastofnanna í takmörkuðum mæli, þrátt fyrir að slíka heimild sé ekki hægt að leidda beint af orðalagi stjórnarskrárinnar. Þetta er eitt af því sem hlýtur að vera nauðsynlegt að skoða varðandi endurskoðun á stjórnarskránni,“ bendir Björg á. Ömuddeilanlega hafi enginn alþjóðasamningur haft jafn viðtakar áhrif á íslenskt samfélag og EES-samningurinn.

Alþjóðleg mannréttindasamninga stór þáttur

Annar stór áhrifaþáttur sé alþjóðleg mannréttindasamvinnu. „Við erum aðilar að fjöldamörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum sem eru farnir að hafa á meiri áhrif á íslenskan rétt og íslenskir borgarar eru farnir að bygja rétt á þessum ákvæðum, með vísun til samninga eins og Mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur


verið lögfestur hér á landi,“ segir Björg. Þó megi segja að stjórnarskráin taki nú mið af þessu, vegna þess að mannréttindakrafa stjórnarskrárinnar var breytt verulega árið 1995 og færður til samræmis við þessar alþjóðlega skuldbindingar.

En Björg segir vert að velja því fyrir sér hvort ekki væri rétt, miðað við það hversu mikil áhrif alþjóðasamninga eru á íslenskan rétt, að geta þess í stjórnarskránni sérstaklega að Ísland taki mið af og virði slíkar alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar. Jafnvel mætti taka skýrar fram, jafnvel í innangangsákvæðum stjórnarskrárinnar, að mannréttindi séu einn af hornsteinum lýðræðisins og að íslenska ríkinu beri að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu um mannréttindi og fylgja alþjóðlegum skuldbindingum þar að lütandi. Svona ákvæði er að sögn Bjargar til dæmis í finnsku stjórnarskránni.

„Þetta er spurning um það hvort við eigum að virðkenna mannréttindi sem eins af hornsteinum íslensku stjórnskipunarinnar og þá með vísun til þeirrar stöðuga þróunar sem er í gangi á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Björg.

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrárisðu Frettlablaðsins er umnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER: stjornarskra@frettlabladid.is



STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

VII. HLUTI

Beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðsla

Þrjár tegundir þjóðaratkvæðagreiðslna

Maija Setalá er lektor í stjórnmálafræði við Háskólann í Turku í Finnlandi og sérfræðingur í þjóðaratkvæðagreiðslum. Hún er höfundur bók- ar um þjóðaratkvæðagreiðslu og lýðræðislega stjórnarhætti, *Referendums and Democratic Government*, sem út kom árið 1999 í Englandi.

Maija flutti hádegisfyrirlestur síðastliðinn fimmtudag um þjóðaratkvæðagreiðslur í Vestur-Evrópu og gerði á þeim samantekt.

Hún gerir greinarmun á þremur tegundum þjóðaratkvæðagreiðslna. Í fyrsta lagi eru atkvæðagreiðslur sem ákvarðaðar eru af stjórnvöldum hverju sinni og geta tilefnið verið margvisleg. Í öðru lagi getur verið lögboðið að bera mál undir atkvæði þjóðarinnar. Í þriðja og síðasta lagi getur komið til þess að málum sé skotið til þjóðarinnar. Um þetta eru mis- unandi reglur eftir löndum. Í Danmörku er til dæmis hægt að bera mál undir þjóðina

krefjast þriðjungur þingsins þess. Hér á landi sýndi forseti Íslands nýjum fjölmiðlalögum staðfesting- ar í fyrra en það er vitanlega önnur aðferð til þess að setja mál í dóm þjóðarinnar. Í Sviss geta kjósendur krafist þjóðaratkvæðagreiðslna með því að safna 50 þúsund undirskrift- um.

Litil hefð fyrir því að leggja mál í dóm þjóðarinnar

Fram kom í máli Maiju Setalá að frá árinu 1940 til 2004 hafa stjórn- völd í löndum Vestur-Evrópu 44 sinnum ákveðið að bera mál undir kjósendur í þjóðaratkvæða- greiðslu. Í 40 skipti auk þess hefur þjóð- atkvæðagreiðsla verið lögboðin og 60 sinnum hefur þjóðaratkvæðagreiðsla verið haldin



MAIJA SETALÁ STJÓRN- MÁLAFRÆÐINGUR Maija fjallaði um kost og galla þjóðaratkvæðagreiðslna.

eftir að málskotsrétti hefur verið beitt í einhverri mynd.

Eins og vænta má er þjóðar- atkvæðagreiðsla tíðust í Sviss. Þar hafa mál verið horin 395 sinnum undir kjósendur í þjóðaratkvæða- greiðslu frá árinu 1940. Þessu næst kemur Ítalía en þar hafa kjósendur tekið áfstöðu til mála með þeirri að- ferð í 58 skipti frá árinu 1940. Fram kom í máli Maiju að á Ítalíu hefði tíðni þjóðaratkvæðagreiðslna aukist mest á undanförunum áratugum.

Írar hafa lagt mál 28 sinnum í þjóðaratkvæði frá 1940, Danir 16 sinnum og Frakkar 13 sinnum. Aðrar þjóðir í samanhæfðum höfuð einungis haldit þjóðaratkvæðagreiðslu tvö til fimm skipti á meira en 60 árum. Ísland er í þeim hópi.

Jóhann Hauksson



FRÁ MÁLINGU UM ÞJÓÐARATKVÆÐA- GREIÐSLU Palle Svansson prófessor, Ólafur Stephensen, aðstoðarritgjafi Morgunblaðs- ins, og Claes de Weese dósent síðastliðinn fimmtudag í Háskóla Íslands.

Ekki ítölsku aðferðina

Palle Svansson prófessor sagði í erindi sínu á málstofu um þjóðaratkvæða- greiðslu að kjósendur gætu haft annað í huga en það sem raunverulega væri verið að bera undir atkvæði þegar þeir genu að kjörborðinu. Eru þeir að greiða með eða á móti ríkisstjórn hverju sinni fremur en sjálft mállefni- nu á kjörseðlinum? Setjum sem svo að rík- isstjórn mæli með því að kjósendur samþykki sameiginlega stjórnarskrá Evrópusambandsins. Að öðrum kosti segi ríkisstjórnin af sér. Hvað gerir kjós- andi sem hlýntur er stjórnarskránni en allfarir á móti ríkisstjórninni?

Í lokaröðum sínum réði Palle Svansson íslendingum frá því að taka upp ítölsku aðferðina ef þeir hugðust gera breyt- ingar sem að því lytu. „Á Ítalíu þarf kosningabáttaka að vera að minnsta kosti 50 prósent til þess að úrslit þjóð- aratkvæðagreiðslna teljist gild. Ef þú átt átt að taka upp þjóðaratkvæða- greiðslu í ríkari máli áttú þú ekki að styðjast við þá reglu. Hún hefur í reynd þýtt að fjöldi atkvæðagreiðslna á Ítalíu hefur reynst ógildur sökum ónógr kosningabáttöku. Stundum er eins og stjórnvöld þal leggi ekkert á sig til þess að kynna mál sem kosið er um. Þau ráðleggi kjósendum einungis að stíja heima eða fara niður á strönd í sólbáð. Þannig stúdi kjórnir fulltrúar að því að ógilda þjóðaratkvæðagreiðslu með ónógr þáttöku.“ Palle segir þetta hættulega henntefnu því á endanum sé gáfala undan gildum sem stúdið að auknu lýðræði og aukinni þáttöku í stjórnmálum.

> Hverjir segja já þegar kosið er um málefni ESB

Karlar stýja ESB frekar en konur. Stúðningur við ESB eykst með meiri menntun. Fölk í víðskiptum stýr ESB frekar en aðrir hópar. Úthugsuð pólitísk afstaða tengist auknum ESB-stúðningi. Stúðningur við stjórnvöld tengist stuðningi við ESB. Jákvæð etnahagsleg gildi tengist auknum ESB-stúðningi. Hugmyndir frá miðjunni fer saman við ESB-stúðning. Afstaða gegn innviðjendum tengist minni ESB-stúðningi.

Kjósendur eiga að ráða meiru um þjóðaratkvæðagreiðslur

Palle Svansson, prófessor í stjórnmálafræði við Árósháskóla, segir að valdið til að skjóta málum beint til þjóðarinnar sé yfirléitt í höndum þjóðþinga. Með því að færa það nær kjósendunum sjálfum skapist meira aðhald fyrir þjóðþingin og það þroski einnig kjósendur til meiri þáttöku.

Palle Svansson er prófessor í stjórnmálafræði við Árósháskóla. Hann var meðal fyrirlesara um þjóðaratkvæðagreiðslur á vegum Stofnunar stjórnsýslu- fræða og stjórnmála í Háskóla Íslands og Morgunblaðsins síðast- liðinn fimmtudag. Palle hefur fjallað mikið um lýðræði og þjóð- aratkvæðagreiðslur og fyrirlestur hans var um það efni sem og kröfu almennings um þjóðar- atkvæðagreiðslur.

Palle Svansson rakti að fimm skilgreindar leiðir eru í dómku stjórnarskránni til þess að skjóta málum í dóm kjósenda með þjóð- aratkvæðagreiðslu. Þessar leiðir voru flestar lögfestar með stjórn- arskrárbreytingum árið 1953. Fyrir þann tíma voru einungis breytingar á sjálfri stjórnar- skránni bornar undir atkvæði þjóðarinnar.

Fimm leiðir í Danmörku

Allar eru nýju leiðirnar ótvíræðar og afgerandi. Í fyrsta lagi er um að ræða tiltölulega flókna aðferð til þess að breyta sjálfri stjórnar- skránni. Í öðru lagi er lögboðið að bera breytingar á kosningaádrí undir þjóðaratkvæði. Í þriðja lagi kemur þjóðaratkvæðagreiðsla til sögunnar varðandi mál er snerta fullveldi þjóðarinnar. Á danska þinginu þarf að ná verulega auk- nu meirihluta, fimm sjötta hlut- um atkvæða, til að samþykkja slíkar breytingar. Að öðrum kosti er málinu skotið til þjóðarinnar. Í fjórða lagi getur þingið samþykkt þjóðaratkvæðagreiðslur sem varða alþjóðlega samninga. Í fimmta lagi getur þriðjungur þingsmeis farið fram á þjóðar- atkvæðagreiðslu um lög sem eru fyrir þinginu eða hafa verið sam- þykkt. Þessi tegund þjóðar- atkvæðagreiðslna er mjög höll undir fulltrúalýðræðið.“ segir Palle Svansson. Hann bendir á að valdið til þess að fara fram á þjóð- aratkvæðagreiðslu sé hjá þing- mönnum. „Eg tel að þetta sé ekki líður í eða stúdi að beinu lýðræði. Þarna er haft að forsendu að það sem danska þingið samþykkir eða afgreirir sé viturlegt og snjallt. Þessu hefur raunar aðeins einu sinni verið beitt, þegar fellt voru fern lög í þjóðaratkvæðagreiðslu um jarðir og landnáði árið 1963.“

Fimm sinnum hafa Danir borið kosningaádrí undir þjóðar- atkvæði eins og lögboðið er. Þjórn- sinnum hefur þjóðaratkvæða- greiðsla verið haldin um aðildina að Evrópusambandsins og málefni þar að lýtandi. Fyrst um sjálfa aðildina árið 1972, um Maastricht- samkomulagið árið 1992, Amster- dam-samninginn árið 1998 og valið stóð á milli dansku krónunnar og evrunnar í þjóðaratkvæða- greiðslu árið 2000. Reyndar voru málefni Evrópusambandsins borin



PALLE SVANSSON STJÓRN MÁLAFRÆÐI PRÓFESSOR Stundum eru kosnir jafngildir sem fölk; leyfist að kjósa um eins og þegar val- ið stendur um að velja milli dómku krónunnar eða evrunnar. Stundum er gefið í skyn að ef kjósendur samþykki ekki eitthvað skapist gjaldfrói.

Undir þjóðaratkvæði með samþykkt danska þingsins árið 1986 og breytingar á Maastricht-sam- ningnum árið 1993.

Stjórnvöld hafa þræðina í hendi sér, ekki kjósendur

Palle Svansson segir það megin- atriði að allar þjóðaratkvæða- greiðslur séu fyrirskipaðar af stjórnvöldum. Almennir kjósend- ur hafi enga greiða leið til þess að fara fram á þjóðaratkvæða- greiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðsl- urnar um Evrópusambandið hafi ekki gefið góða leiðsögu frá sjón- arhóli lýðræðisins.

Palle segir mikinn mun á þjóð- aratkvæðagreiðslu þar sem valið stendur milli tveggja jafngildra kosta, líkt og þegar borið er undir atkvæði kjósenda hvort þeir vilji taka upp evruna sem gjaldmiðil í stað dómku krónunnar. Þá geti umræðan hvúist um kosti og ókosti hvors gjaldmiðils, menn brýni rökinn og svo framvegis.

Atkvæðagreiðsla getur einnig falið í sér eins konar róf milli stjórnvaldanna og almennings. Margir ségðu að almenningur hefði ekki vit eða þekkingu til þess að greiða atkvæði um Maastricht-samkomulagið, segir Palle. Alf Ross, ein helsti sér- fræðingur Dana í lögum og stjórnmálafræðum, telur eindregið að menn verði að velja á milli beina lýðræðisins og fulltrúalýðræðis- ins. „Min skóðun er sú að engin ástæða sé til þess að velja milli slíkra kosta. Öll kerfin eru eins konar blanda af fulltrúalýðræði og beinu lýðræði. Þetta er ekki spurning um annað hvort eða, heldur spurning um meira eða minna. Hægt er að hreyfa sig í átt


til beina lýðræðisins eins og Svisslendingar hafa gert eða í átt að fulltrúalýðræðinu eins og Hollendingar og Þjóðverjar hafa gert. Og þetta er spurning um jafnvægið milli fulltrúakerfisins og hversu langt menn ganga sam- hliða því á braut beina lýðræðis- ins.“ segir Palle Svansson.

Fulltrúalýðræði og þjóðaratkvæða- greiðslur er góð blanda

Palle telur að danskir kjósendur eigi sama rétt og þingmennirnir, það er að þriðjungur þeirra hafi möguleika til þess að fara fram á þjóðaratkvæði. Að þriðjungur kjó- enda verði færður rétturinn til þess að fara gegn lögum sem þingið hefur afgreitt. Þótt þjóðar- atkvæðagreiðslur séu tíðar í Sviss hafa almennir kjósendur ekki sjálf- an málskotsréttinn og geta ekki átt frumkvæði að síkri atkvæða- greiðslu. Á Ítalíu getur tiltekinn fjöldi kjósenda krafist þjóðar- atkvæðagreiðslna til ógildingar, ekki aðeins nýsamþykktu laga heldur einnig ríkjandi laga. Þetta er þó skilyrt, segir Palle. „Innleið- ing þessa almannaaréttar yrði líður í að lýðræðisvæða stjórnmálin eða halda slíkt þróun áfram. Stjórn- málaflakkar mundu leggja fram lagafrumvörp og afla þeim fylgis í þinginu en yfirvöldin er að al- menningur gæti farið fram á þjóð- aratkvæðagreiðslu. Þetta merkir að þingmenn yrðu að reyna að sjá fyrir niðurstöðu þjóðaratkvæða- greiðslna um málin. Af þessu mundi leiða meiri samhljómur á milli kjósendanna og fulltrúa þeirra á löggjafarsamkomunni. Þetta yrði þingmönnum hvatning til þess að náðast mál með nýjum hætti í þinginu.“

Þetta kann einnig að vekja al- menning til meiri skilnings á póli- tískum viðfangsefnum og þar með auka hæfni kjósendanna. Hvenær sem hópar kjósenda reyni að safna nauðsynlegum fjölda undir- skrifta til þess að fara löglega fram á þjóðaratkvæðagreiðslu yrðu þeir að ávarpa kjósendur, koma boðskap til þeirra og læra rök fyrir gildi- ingu einhvers sem þingið hefur af- greitt. Og ef hóparinn hefur árang- ur sem erfið hefst vitanlega kosn- ingabárta. Loks gæti þetta stuð- að að aukinni þáttöku almennings í stjórnmálum. Í fulltrúalýðræðinu, þegar farið er á kjörstað og fulltrúi, listi eða flokkur kosinn, þarf kjós- andinn að taka tillit til eða mið af mörpum atriðum eins og fulltrúa- anna sjálfrá sem í framboði eru. Kjósandinn verður að leggja traust sitt á flokk eða fulltrúa sem hann kys. Í beinni þjóðaratkvæða- greiðslu er þetta ekki nauðsynlegt. Þar er einfaldlega kosið um tiltekið málefni, rökinn fundin með og á móti. Þetta ætti að hvetja til auk- innar þáttöku.“

Niels Helveg Petersen, for- maður Röttæka vinstriflokksins, hefur lagt til að dómku stjórnar- skránni verði breytt í þá veru að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli haldin til ógildingar samþykkt þings- ins krefjast átta prósent kjósenda þess. Þetta gengur langt í þá átt að veita almennu kjósendum ákvörðunarétt um það hvort mál- um er skotið til þjóðarinnar. Folkepartiet mælir fyrir leiðbein- andi en ekki bindandi þjóðar- atkvæðagreiðslu án breytinga á stjórnarskránni. Aðrar hugmynd- ir hafa einnig verið settar fram, segir Palle Svansson.



STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðud

VIII. HLUTI

Pegar landamæri verða ógreinileg

Velgengi

Ad ymsu leyti hefur þjóðinni vegnað vel á undanförnum árum og þá ekki síst í efnahagslegu tilliti eins og útrás íslenskra fyrirtækja ber fyrst og fremst vott um. Sjálfstraust hennar hefur vaxið að sama skapi. Margir Íslendingar finna til sín þegar íslensk fyrirtæki leggja undir sig sámafyrirtæki eða banka í Evrópu, eignast hluti í verslunar- framleiðslu- eða þjónustufyrirtækjum víða um álfuna. Hvað sem líður árokum um Baug og fjölmörg hér heima kætast margir þegar forvígismenn félagsins taka áhættuna og leggja undir sig Íllum og Magasin de Nord í Kaupmannahöfn.


Í seinni tíð hafa íslensk fyrirtæki og stjórnvöld sýnt viðskiptum við Asíulönd aukinn áhuga. Með sama hætti og áður er undanfari þess aukin stjórnmalaleg tengsl og aukin formleg samskipti sem aukin viðskipti geta fært sér í nyt. Með auknum viðskiptum lagar

íslenska þjóðin sig með ákveðnum hætti að tilveru Asíubúa. Og óflugt.

Hvað með valdaframsali?

Eiríkur Bergmann Einarsson, sem nú veitir forstöðu Evrópufræðasetri Háskólans á Bifröst, sagði í frétt Fréttablaðsins um tilskipanir Evrópusambandsins 12. maí síðastliðinn: „Laganami Íslands og Evrópusambandsins er í raun orðinn það líkur vegna EES-samningsins að þörfin á breytingum vegna tilskipana Evrópusambandsins fer minnkandi.“

Hvað sem mönnum kann að finnast um aukin tengsl og nánari samskipti Íslendinga við Evrópuáka, meðal annars í krafti samningsins um Evrópska efnahagsvæðinguna, eru þau staðreind. Réttara væri þó að tala um aukin sam-



skipti og tengsl við allan umheiminn. Landamæri verða ógreinilegri í hugum þegna þjóðfélagsins.

Anders Eka yfirdómari og ritari sænsku stjórnarskrárnefndarinnar segir í viðtali við Fréttablaðið hér á síðunni að nefndin beini sjónum sínum fyrst og fremst að lýðræðisfyrirkomulaginu í Svíþjóð, eðurtilti með lagasetningu, aukinni þátttöku almennings í ákvarðanatöku og leiðum til að auka tiltrú þegnanna á lýðræðið.

Það er athyglisvert að Svíar, sem eiga aðild að Evrópusambandinu, virðast ekki hafa miklar áhyggjur af valdaframsali til yfirþjóðlegra stofnana þegar litid er til áhersluþetta í störfum stjórnarskrárnefndarinnar þar í landi.

Jóhann Hauksson



BJÖRG THORARENSEN LAGAPRÓFESSOR Björg á saði í sérfræðinganefnd sem er stjórnarskrárnefndinni til halds og trausts.

Pögul stjórnarskrá

Í erindi sem Björg Thorarensen laga- prófessor flutti á ráðstefnu á vegum nefndarinnar þann 11. júní síðastliðinn sagði hún meðal annars:

„Það er ljóst að margvísleg og flókin stjórnskululeg álitafeni vöknudu við að líd Íslands að EES-samningnum sem lutu meðal annars að því að verid væri að framseljo ríkisvald til yfirþjóðlegra stofnana þannig að farið væri í bága við þetta stjórnarskrárkvæði. Lögfræði- álit um efnid voru ekki samhliða. Niðurstæðan varð þó sú að með nokkrum tilfæringum við gerð samningsins var unnt að halda því fram að ekki væri í þessu fölgid valdaframsal sem færi í bága við íslensku stjórnarskrána. Við ákvörðun um þátttöku í Schengen landamærasmastirnu nokkrum árum síðar kom umræðan upp á nýjan leik, en með sömu niðurstöðu. Eg varpa fram þeirri spurning hvort ekki er tímabært að stjórnarskrárgjefnin taki nú af skridi um að framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana geti verid heimil- ad, að undangenginni ítarlegi skoðun á kostum þess og göllum. Þá verid tryggt, í ljósi mikilvægis slíkar ákvörð- unar, að rík samstaða purfi að vera meðal lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar til dæmis að aukinn meiri- hluta þeirra purfi til samþykkis. Þá er líka ljóst að slík ákvörðun verdu ávallt átturkallanleg. Ísland er nú eitt Norður- landanna með stjórnarskrá sem er pögul um að framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana geti verid raunhæfur kostur, til dæmis í því skyni að tryggja samvinnu um alþjóðlegan frið og ör- yggi og að því getnu að ekki verid farið gegn grundvallarrettindum borgar- anna.“

> V. kafli stjórnarskrárinnar

59. gr. Skipun dæmsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagum.
60. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistalmark yfir- valda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komid sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.
61. gr. Dómendur skulu í embættis- verkum sínum fara einungis eftir lög- unum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendu, verður ekki vítið úr embætti nema með dómi, og ekki verður þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verid er að koma nýrn skipun á dóm- stólana.

Aðferðir við ráðningar í æðstu embætti til skoðunar

Anders Eka yfirdómari er jafnframt ritari nefndar sem endurskoðar stjórnarská Svía. Í viðtali við Jóhann Hauksson segir hann meðal annars að innan nefndarinnar sé fjallað um leiðir til þess að ganga úr skugga um það hvort ný lög samrýmist ákvæðum stjórnarskrár.

Sænska ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum 1. júlí 2004 að skipa nefnd þingmanna sem falið yrði að endurskoða sænsku stjórnarskrána eða stjórnskipanina. Nefndinni var ætlað að beina kröftum sínum að því að styrki og auða lýðræðið í landinu og auka tiltrú kjósenda lýðræðisskipanina og þar með þátttöku borgaranna í ákvarðanatöku. Nefndin var skipuð 7. desember í fyrra. Nefndarmenn hafa góðan tíma til starfa sína en þeir eiga að gera grein fyrir niðurstöðum sínum á árslok 2008.

Sænska stjórnarskráin er sett saman af fermum grunnlögum sem svo eru nefnd. Í fyrsta lagi er um að ræða stjórnskipunarlag frá árinu 1974. Í öðru lagi lög um prentfrelsi frá árinu 1949. Í þriðja lagi er um að ræða lög um tjáningarfrelsi sem endurskoðuð voru árið 1991. Í fjórða lagi eru lög um sænska konungdæmið sem hafa verid í gildi óbreytt frá árinu 1810.

Nefndinni er ætlað að stúla að aukinni almennri umræðu um grundvallar leikreglur sænska samfélagins. Hún stendur fyrir ráðstefnum og málþingum og stúlar að aukinni umræðu með ymsum öðrum hætti.

